

## Ferð Sveinbjörns til Akureyrar 12. febrúar með Rakel Marín

Við Sveinbjörn fórum til Akureyrar í vetrarfríinu ásamt mömmu, pabba, bróður mínum og besta bangsanum mínum henni Elínu. Við lögðum af stað eftir hádegi föstudaginn 12. febrúar. Leiðin til Akureyrar er svolítið löng fyrir lítinn bangsa eins og Sveinbjörn en við styttnum okkur stundir með því að horfa á videó. Við



stoppuðum á Blöndósi til að fá okkur hressingu og Sveinbjörn hámaði í sig pylsu og fékk bland í poka. Við náðum svo að sofna litla stund þrátt fyrir að vera að farast úr spenningi. Þegar við komum loks til Akureyrar komum við okkur fyrir í sumarhúsi í Kjarnaskógi og fljótlega komu nokkrar kanínur sem eiga heima í skóginum til að kíkja á Sveinbjörn og heilsa upp á okkur hin. Það voru skemmtilegir og spennandi dagar framundan. Við fórum öll snemma í háttinn því við ætluðum að vakna snemma daginn eftir.



Veðrið var gott þegar við vöknuðum. Við smurðum nesti, fórum í skíðafötin og drifum okkur upp í Hlíðarfjall. Sveinbjörn var glaður og ánægður í fjallinum og virtist margoft hafa farið á skíði áður. Við hittum marga Garðbæinga og Sveinbjörn sá marga krakka úr Flataskóla sem sáu hann ekki því hann var svo dúðaður í kuldanum. Þegar við komum heim fórum í heita pottinn og Sveinbjörn fylgdist með okkur úr glugganum því hann nennti ekki meira út því hann var svo þreyttur. Eftir pottinn grilluðum við góðan mat með vinum okkar og spiluðum Alias. Sveinbjörn skildi ekkert í þessu spili og fannst við heldur hávaðasöm.

Dagana eftir snjóaði mikið og Sveinbjörn þorði ekki upp í Hlíðarfjall, hann var nefnilega alveg viss um að þar væru ísbirnir. Við skelltum okkur á skíði sáum náttúrulega enga ísbirni en skemmtum konunglega á meðan Sveinbjörn fylgdist með kanínunum í Kjarnaskógi. Um kvöldið fórum við út að borða, tókum Sveinbjörn með sem var svangur og í góðu skapi.

Á mánudeginum var bolludagur og þá var Sveinbjörn að drepast í maganum eftir að hafa borðað alltof margar rjómaþollar. Hann ætlar aldrei að borða svona mikið aftur. Á öskudaginn tókum við daginn snemma og ég klæddi mig upp sem Línu Langsokk í rokki. Sveinbjörn vildi ekki fara í búning en fékk græna slaufu í tilefni dagsins. Við fórum í búðir með vinum okkar, sungum nokkur lög og fengum allskonar góðgæti að launum.

Eftir frábæra daga á Akureyri þar sem við fjölskyldan renndum okkur á skíðum og slöppuðum af, var kominn tími til að halda aftur heim í Garðabæ. Það var hálka á leiðinni og við keyrðum varlega. Það var gott að koma heim í rúmið sitt og við vorum glöð og sæl eftir vetrarfríð.

